

Reykjavík Studios
Þengilbás 14
112 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2024
UST202404-158/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Reykjavík Studios ehf, dagsett, 12. apríl 2024, um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Garðahrauns efra, Garðahrauns neðra, Vífilstaðarhrauns og Maríuhella.

Garðahrauns efra, Garðahrauns neðra, Vífilstaðarhrauns og Maríuhella er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsingu nr. 1060/2021](#). Umferð ríðandi er aðeins heimil á skilgreindum reiðstígum. Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu. Hundar og önnur gæludýr skulu ávallt vera í taumi innan fólkvangsins og þess skal gætt að þeir séu undir tryggri stjórn og valdi ekki truflun. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarðminjar, votlendi og gróðurfar í fólkvanginum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að trufla fuglalíf af ásetningi. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Garðabæjar, Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Maríuhella. Kort sem sýnir staðsetningu tókustaðs og bílastæða sem nýtt verða við tókurnar fylgdi með umsókn. Við tókurnar verður notaður gaseldur. Stálplata verður undir varðeldi sem verður gerður úr gerfitimbrí. Eldvarnarviðbragðsaðilar munu fylgjast með eldinum. Níu hestum verður dreift um tókustaðinn. Tökur myndu hefjast að kvöldi 26. apríl og lyki morguninn eftir. Á tókustað myndu 25 manns koma að tókunum en fleiri starfsmenn munu verða staðsettir utan hins friðlýsta svæðis.

Umsagnir:

Í samræmi við við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúruverndarnefndar Garðabæjar þann 18. apríl 2024 um beiðnina um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Garðahrauns efra, Garðahrauns neðra, Vífilstaðarhrauns og Maríuhella. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 22. apríl 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfið sé veitt en mikilvægt er að ganga af mikilli nærgætni um svæðið og forðast allt rask. Sérstaklega skal fara varlega nálægt hraunmyndunum og

hellismunnum og gæta þarf þess að notkun hesta ógni ekki jarðmyndunum svæðisins. Draga skal sem mest úr átroðningi á gróðri og raski á jarðvegi. Mikilvægt er að ganga vel frá, fjarlægja allt rusl og ummerki eins vel og mögulegt er. Svar Garðabæjar barst þann 18. apríl 2024. Í svarinu kemur fram að umsögn nefndarinnar kemur fram að sveitarfélagið var búið að fara yfir málið og gerðum ekki athugasemd.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndatgildi og náttúru svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Ekki er talið að verkefnið hafi mikil áhrif á gesti svæðisins þar sem þær fara fram að nóttu til.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Reykjavík Studios fyrir sitt leyti undanþágur frá friðlýsingarskilmálum Garðahrauns efra, Garðarhrauns neðra, Vífilstðarhrauns og Mariuhella sbr. lýsingu hér að ofan 26. – 27. apríl 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður. Þar með talin úrgangur frá hestunum.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tökunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone

svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur